

1990 nr. 73 18. maí**Lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins**

Tóku gildi 31. maí 1990. *Breytt með:* L. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998). L. 101/2000 (tóku gildi 6. júní 2000). L. 68/2008 (tóku gildi 12. júní 2008). L. 36/2011 (tóku gildi 19. apríl 2011; *EES-samningurinn*: XX. viðauki tilskipun 2000/60/EB, 2006/118/EB, 2008/105/EB, 2009/90/EB). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 131/2011 (tóku gildi 1. jan. 2012). L. 10/2012 (tóku gildi 15. febr. 2012). L. 60/2013 (tóku gildi 15. nóv. 2015). L. 88/2018 (tóku gildi 29. júní 2018).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ Íslenska ríkið er eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki.

□ Hugtakið auðlind samkvæmt lögum þessum tekur til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotsins annarra en lifandi vera.

□ [Hugtakið netlög merkir í lögum þessum sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.]¹⁾

¹⁾ L. 101/2000, 1. gr.

■ 2. gr.

□ Enginn má leita að efnun til hagnýtingar á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi [Orkustofnunar].¹⁾ [Varði umsókn um leyfi svæði utan netlaga skal útgefið leyfi samræmast skipulagi á haf- og strandsvæðum. Hafi tillaga að strandsvæðisskipulagi verið auglýst þegar umsókn er lögð fram er Umhverfisstofnun heimilt að fresta afgreiðslu á beiðni þar til strandsvæðisskipulag hefur tekið gildi fyrir viðkomandi svæði. Frestunin skal þó ekki vera lengri en sjö mánuðir nema sérstakar ástæður mæli með því.]²⁾

□ [[Orkustofnun]³⁾ er heimilt að veita leyfishafa fyrirheit um forgang að leyfi skv. 3. gr. í allt að tvö ár eftir að gildistíma leyfis til leitar er lokið og um að öðrum aðila verði ekki veitt leyfi til leitar á þeim tíma.]⁴⁾

¹⁾ L. 10/2012, 2. gr. ²⁾ L. 88/2018, 18. gr. ³⁾ L. 131/2011, 10. gr. ⁴⁾ L. 101/2000, 2. gr.

■ 3. gr.

□ Óheimilt er að taka eða nýta efni af hafsbotni eða úr honum, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi [Orkustofnunar].¹⁾

□ [[Orkustofnun]¹⁾ er heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald (leigu) fyrir töku eða nýtingu sem [hún]²⁾ heimilar skv. 1. mgr. Tekjum af leyfum skal að jafnaði varið til hafsbots- og landgrunnsrannsókna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.]³⁾

¹⁾ L. 10/2012, 2. gr. ²⁾ L. 131/2011, 10. gr. ³⁾ L. 101/2000, 3. gr.

■ 4. gr.

□ [Leyfi til hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni skal samræmast skipulagi á haf- og strandsvæðum sé um að ræða svæði utan netlaga. Leyfið skal bundið við ákveðið svæði og gilda til ákveðins tíma sem ekki má vera lengri en 30 ár.]¹⁾ Í leyfisbréfi skal m.a. ætíð greina hverjar ráðstafanir leyfishafi skuli gera til að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar.

□ [Við veitingu leyfa samkvæmt lögum þessum skal gætt ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifum. [Áður en leyfi er

veitt skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.]²⁾ [Varði umsókn um leyfi strandsvæði þar sem tillaga að strandsvæðisskipulagi hefur verið auglýst þegar umsókn er lögð fram er Orkustofnun heimilt að fresta afgreiðslu á leyfisumsókn þar til strandsvæðisskipulag hefur tekið gildi fyrir svæðið. Frestunin skal þó ekki vera lengri en sjö mánuðir nema sérstakar ástæður mæli með því.]¹⁾³⁾

□ [Ef sýnt er fram á með gögnum að umhverfismarkmið, sett á grundvelli laga um stjórn vatnamála, náist ekki er í sérstökum tilvikum heimilt að endurskoða leyfi eða setja ný skilyrði vegna umhverfismarkmiða. Við ákvörðunina skal líta til þess hvaða áhrif breytingin hefur á hagsmuni leyfishafa og til ávinnings og óhagræðis sem hún ylli að öðru leyti.]⁴⁾

¹⁾ L. 88/2018, 18. gr. ²⁾ L. 60/2013, 95. gr. ³⁾ L. 101/2000, 4. gr. ⁴⁾ L. 36/2011, 32. gr.

■ 5. gr.

□ Með reglugerð¹⁾ skal [ráðherra]²⁾ setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal nánari ákvæði um þau leyfi sem um ræðir í 3. og 4. gr.

□ [Í reglugerð skal tilgreina helstu ákvæði sem fram skulu koma í leyfunum, m.a. um tímalengd leyfis, staðarmörk vinnslusvæða, gerð efnis, magn og nýtingarhraða ef um nýtingarleyfi er að ræða, upplýsingaskyldu og skil gagna, öryggis- og umhverfisráðstafanir, eftirlit og greiðslu kostnaðar af eftirliti og leyfisgjald.

□ Í reglugerð skal einnig kveðið á um þau atriði sem umsækjandi skal tiltaka í umsókn um leitar- og rannsóknarleyfi skv. 2. gr. og í umsókn um vinnsluleyfi skv. 3. gr.]³⁾

¹⁾ Rg. 290/2012. ²⁾ L. 126/2011, 145. gr. ³⁾ L. 101/2000, 5. gr.

■ [6. gr.]

□ [Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa samkvæmt lögum þessum sæta kærur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærur fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.

□ Stjórnvaldsákvæðanir Orkustofnunar sem ekki má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kærur til ráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Um meðferð kærur til ráðherra fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnisýslulaga.]¹⁾²⁾

¹⁾ L. 131/2011, 11. gr. ²⁾ L. 68/2008, 2. gr.

■ [7. gr.]¹⁾

□ Brot á lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum eða [fangelsi allt að 2 árum],²⁾ enda liggja ekki við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

¹⁾ L. 68/2008, 2. gr. ²⁾ L. 82/1998, 197. gr.

■ [8. gr.]¹⁾

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

¹⁾ L. 68/2008, 2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.**■ I.**

□ Þeir, sem við gildistöku laganna taka efni af eða úr hafsbotni, skulu innan sex mánaða sækja um leyfi skv. 4. gr.

■ [II.]

□ Þeir sem hafa leyfi til leitar og hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni skulu halda þeim í fimm ár frá gildistöku laga þessara.]¹⁾

¹⁾ L. 101/2000, 6. gr.